

**Samtök ferðaþjónustunnar**

Borgartún 35  
105 Reykjavík  
Sími: 511 8000  
Símbref: 511 8008  
www.saf.is  
Netfang: info@saf.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1570*  
*komudagur 10.4.2006*



Samgöngunefnd Alþingis  
Nefndarsviði Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 5. apríl 2006

**Efni: Þingsályktunartillaga um uppbyggingu héraðsvega, 310. mál.**

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar og lýsa sig fylgjandi því markmiði sem stefnt er að með tillögunni.

Eins og fram kemur í greinargerð og fylgiskjöllum hefur vantað verulega upp á að uppbygging vega að fjölförnum og vinsælum ferðamannastöðum sé í samræmi við þá miklu aukningu sem orðið hefur í ferðaþjónustunni á undanförnum árum.


Sérstaklega er athygli nefndarinnar vakin á þeirri breytingu sem orðið hefur á ferðamáta gesta okkar en í vaxandi mæli nota þeir bílaleigubíla í stað skipulagðra hópferða. Þannig hefur bílaleigubílum fjölgað úr 2.300 í árslok 2000 í 4.200 um síðustu áramót og hafa ber þá í huga að um áramót hafa leigurnar alla jafna selt helminginn af flotanum. Þannig að gera má ráð fyrir að næsta sumar verði um 6.000 bílaleigubílar á þjóðvegum landsins. Því er ljóst að afar brýnt er að vinna að vegabótum sem tryggja ferðamönnum á venjulegum fólksbifreiðum aðgengi að vinsælum áfangastöðum því þeir eru í flestum tilfellum ástæðan fyrir komu gesta til landsins. Þessir ferðamenn greiða að sjálfsögðu vegagjald með eldsneytiskaupum og eiga því kröfu á úrbótum.

Afar brýnt er að gera úrbætur á vegum sem liggja að stöðum þar sem fram fer rekstur því góð vegtenging sem opin er á rekstrartímabilinu er forsenda fyrir árangri í rekstri. Bendum við sem dæmi á ófremdarástand á vegi að Skálpanesi sem ekki er opin nema lítinn hluta þess tíma sem rekstur ferða á Langjökli stendur yfir.

Samtökin eru að sjálfsögðu reiðubúin til að koma á fund nefndarinnar sé þess óskað og skýra frekar sjónarmið sín í þessu máli.

Virðingarfyllst

Fh. Samtaka ferðaþjónustunnar

  
Þorleifur Þór Jónsson  
Hagfræðingur.